

Reglur um val á bæjarlistamanni

1. gr.

Árlega er heimilt að veita menningarstyrk til einstaklings, hópa eða samtaka. Sá sem hlýtur styrkinn ber nafnbótina Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar.

Útnefning bæjarlistamanns Mosfellsbæjar er gerð í þeim tilgangi að efla áhuga bæjarbúa og annarra á listum og listsköpun innan bæjarfélagsins og um leið að vekja athygli á þeim listamönnum sem búa í Mosfellsbæ.

2. gr.

Ár hvert auglýsir menningar- og lýðræðisnefnd eftir umsóknum frá listamönnum sem uppfylla skilyrði sem fram koma í 3. grein. Einnig er auglýst eftir rökstuddum tilnefningum eða ábendingum um einstaklinga, hópa eða samtök listamanna í Mosfellsbæ sem uppfylla skilyrði til útnefningar bæjarlistamanns. Öllum er heimilt að koma með ábendingar innan auglýsts frests.

3. gr.

Þeir einir koma til greina við tilnefningu til bæjarlistamanns sem hafa verið virkir í listgrein sinni og búið í Mosfellsbæ um tveggja ára skeið. Með umsóknum skulu fylgja gögn sem styðja fyrrgreind skilyrði. Menningar- og lýðræðisnefnd er heimilt að víkja frá reglunni um tveggja ára búsetu þegar tilnefndur bæjarlistamaður er hópur eða samtök listamanna sem starfa eða hafa starfað innan Mosfellsbæjar og sett mark sitt á menningarlífið.

4. gr.

Menningar- og lýðræðisnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um útnefningu bæjarlistamanns.

Nefndarmenn sem vegna reglna stjórnsýslulaga eru vanhæfir til vals fá fyrir sig varamenn.

Tillagan að vali fer fram í tveimur umferðum sem hér segir.

- Í fyrri umferð skal hver nefndarmaður kjósa tvo aðila úr þeim hópi sem uppfylla kröfur skv. 3. grein.
- Í seinni umferð skal valið milli þeirra aðila sem nefndarmenn völdu í fyrri umferð. Sá aðili sem fær flestar tilnefningar í síðari umferð hlýtur sæmdarheitið bæjarlistamaður Mosfellsbæjar. Ef tilnefningar falla jafnt skal kosið á milli þeirra sem flest atkvæði hlutu.
- Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar og þagmælsku um tilnefningar og úrvinnslu þeirra innan nefndar og eingöngu skal upplýst um endanlega niðurstöðu eftir að tilnefning hefur verið gerð opinber.
- Tillögu nefndarinnar til bæjarstjórnar um val á bæjarlistamanni skal fylgja rökstuðningur.

5. gr.

Menningar- og lýðræðisnefnd skal við auglýsingu, sbr. 2. grein, tilkynna hvenær bæjarlistamaður verður útnefndur.

6. gr.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur í samræmi við fjárhagsáætlun bæjarins ár hvert að lágmarki kr. 1.000.000.

7. gr.

Bæjarlistamaður mun á því ári sem hann er útnefndur í samvinnu við menningar-, íþróttá- og lýðheilsusvið kynna sig og verk sín innan Mosfellsbæjar.

Ennfremur mælist nefndin til þess að „Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar“ láti nafnbótina koma fram sem víðast, bænum og listamanninum til framdráttar.

Staðfest á 851. fundi bæjarstjórnar 22. maí 2024.